

**TILSKIPUN RÁÐSINS 94/57/EB**

frá 22. nóvember 1994

**um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í ályktun frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti setti ráðið það markmið að útiloka öll skip sem ekki uppfylla staðla frá hafsvæðum bandalagsins og lagði ríka áherslu á að bandalagið beitti sér fyrir að tryggja skilvirka og einsleita framkvæmd alþjóðareglna með því að vinna að gerð samræmdra staðla fyrir flokkunarfélög <sup>(4)</sup>.

Auka má með skilvirkum hætti öryggi og mengunarvarnir á hafi úti með því að beita til hins ítrasta alþjóðasamningnum, reglum og ályktunum og stuðla á sama tíma að því að varðveita réttinn til að veita þjónustu.

Eftirlit með því að skip uppfylli kröfur samræmdra alþjóðastaðla um öryggi og mengunarvarnir á hafi úti er á ábyrgð skráningar- og hafnarríkja.

Aðildarríkin bera ábyrgð á að gefa út alþjóðaskírteini um öryggi og mengun sem kveðið er á um í sáttmálum eins og

alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS 74), alþjóðasamningnum um hleðslumerki skipa frá 1966 (Load Lines 66) og alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 (MARPOL 73/78) sem og framkvæmd ákvæða þeirra.

Samkvæmt þessum samningum mega öll aðildarríkin heimila, að vissu marki, tæknistofnunum að sjá um að votta að farið sé að þeim og mega fela öðrum að gefa út viðeigandi öryggisskírteini.

Fjöldi starfandi flokkunarfélaga víða um heim tryggir hvorki nægilega skilvirka framkvæmd reglna né áreiðanleika þeirra þegar þau koma fram fyrir hönd yfirvalda innanlands vegna þess að þau búa ekki yfir nægilega góðu stjórnkerfi eða reynslu til að gegna skyldum sínum með nægilega faglegum hætti.

Aðildarríkin geta ekki ein sér náð því markmiði svo vel sé að gera flokkunarfélögum skylt að fara eftir viðeigandi stöðlum en bandalagið hefur meiri burði til þess.

Viðeigandi er að gera ráðstafanir með hjálp tilskipunar ráðsins þar sem kveðið er á um lágmarksviðmiðanir til viðurkenningar á stofnunum, en sjálf viðurkenningin, framkvæmdaraðferðir og framkvæmd tilskipunar er í höndum aðildarríkjanna.

Evrópustaðlarnir EN 45004 og EN 29001 ásamt stöðlum Alþjóðasambands flokkunarfélaga (IACS) eru nægileg trygging fyrir gæðum frammistöðu stofnana.

Útgáfu öryggisskírteinis fyrir fjarskiptabúnað flutningsskipa má fela einkaaðilum með nægilega sérþekkingu og hæft starfsfólk.

Stofnanir sem vilja öðlast viðurkenningu samkvæmt þessari tilskipun skulu leggja fyrir aðildarríkin nákvæmar upplýsingar og sannanir þess efnis að þau uppfylli lágmarkskröfurnar og aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um þær stofnanir sem hlotið hafa viðurkenningu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 167, 18. 6. 1993, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 34, 2. 2. 1994, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (Stjtið. EB nr. C 91, 28. 3. 1994, bls. 9), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. september 1994 (Stjtið. EB nr. C 301, 27. 10. 1994, bls. 75) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. nóvember 1994 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 271, 7. 10. 1993, bls. 1.

Frankvæmdastjórnin má veita þeim stofnunum þriggja ára viðurkenningu sem uppfylla ekki skilyrðin um lágmarksfjölda og tonnatölu flokkaðra skipa og þann lágmarksfjölda skoðunarmanna í fullu starfi sem mælt er fyrir um í viðaukanum en uppfylla öll önnur skilyrði. Slíkar stofnanir ættu að fá framlengingu á viðurkenningu eftir þriggja ára tímabil að því tilskildu að þær uppfylli áfram sömu skilyrði. Þriggja ára viðurkenningin gildir aðeins um aðildarríki sem hafa lagt inn beiðni um slíkt og aðeins fyrir umrætt tímabil.

Stofnun innri markaðarins felur í sér frjáls þjónustuviðskipti þannig að ekki er hægt að koma í veg fyrir að stofnanir sem uppfylla sameiginlegar kröfur, sem tryggja fagleg vinnubrögð þeirra og áreiðanleika, geti stundað þjónustu sína innan bandalagsins að því tilskildu að aðildarríki hafi ákveðið að fela öðrum slík lögboðin skylduverk. Aðildarríkið má þó takmarka þann fjölda stofnana sem það veitir leyfi í samræmi við ríkjandi þörf, á grundvelli hlutlægra og gagnsærra viðmiðana, að viðhöfðu eftirliti framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferð í nefndum.

Regluna um frelsi til að veita þjónustu í tengslum við skipaefirliti og skoðun má framkvæma stig af stigi en ekki eftir tilsett tímamörk.

Nauðsynlegt er að yfirvöld innanlands taki virkari þátt í skipaefirliti og útgáfu tengdra skírteina ef nauðsyn krefur til að tryggja að farið sé í einu og öllu eftir alþjóðareglum um öryggi jafnvel þótt aðildarríkin reiði sig á stofnanir utan stjórnsýslusviðs þeirra til að framkvæma lögboðin verk. Því er við hæfi að koma á náinni samvinnu milli yfirvalda og stofnananna sem kann að þýða að nauðsynlegt sé að stofnunin hafi á sínum vegum staðbundinn fulltrúa í aðildarríkinu til að framkvæma verk í nafni hennar.

Skipa skal stjórnsýslunefnd til aðstoðar framkvæmdastjórninni í viðleitni sinni til að tryggja skilvirka beitingu gildandi krafna um öryggi og umhverfisvernd að teknu tilliti til málsmeðferðar um fullgildinguna innanlands.

Frankvæmdastjórnin skal starfa samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 13. gr. í því skyni að fylgja þróuninni á alþjóðavettvangi og uppfæra lágmarkskröfurnar.

Á grundvelli upplýsinganna sem aðildarríkin veita samkvæmt 11. gr. um stofnanirnar sem starfa á þeirra vegum ákveður framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferð-

ina í 13. gr., hvort hún fer þess á leit við aðildarríkin að þau afturkalli viðurkenningu stofnana sem uppfylla ekki lengur sameiginlegar lágmarkskröfur.

Aðildarríkin skulu þó eiga völd á því að fella úr gildi viðurkenningu þeirra á stofnun ef öryggi og umhverfi er í alvarlegri hættu. Frankvæmdastjórnin skal taka ákvörðun með skjóttum hætti, í samræmi við málsmeðferðina sem getið er um hér að framan, hvort nauðsynlegt sé að hnekkja slíkum innanlandsráðstöfunum.

Hvert aðildarríki ætti að meta reglulega skilvirkni stofnananna sem starfa fyrir hönd þess og veita framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum nákvæmar upplýsingar um það.

Aðildarríkjum ber skylda til, sem hafnaryfirvöld, að auka öryggi og koma í veg fyrir mengun á hafsvæðum bandalagsins með forgangsskoðun skipa með skírteini frá stofnunum sem uppfylla ekki sameiginlegar kröfur og tryggja þar með að skip sem sigla undir þeirra fána hljóta ekki lengur hagstæðari kjör.

Við ákvarðanatöku sína skal nefndin fara eftir starfsreglu III A í 2. gr. ákvörðunar ráðsins 87/373/EBE frá 13. júlí 1987 þar sem kveðið er á um beitingu þess framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórnin hefur <sup>(1)</sup>.

Flokkunarfélög skulu uppfæra og framfylgja tæknistöðlum sínum í því skyni að samræma öryggisreglur og tryggja samhæfða framkvæmd alþjóðareglanna innan bandalagsins.

Á þessari stundu eru ekki fyrir hendi samræmdir alþjóðastaðlar sem öll skip þurfa að uppfylla á byggingarstigi og allan þeirra endingartíma að því er varðar bol, vél-, raf- og stjórnbúnað. Setja má slíka staðla samkvæmt reglum viðurkenndra flokkunarfélaga eða samkvæmt sambærilegum stöðlum sem yfirvöld innanlands ákveða í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða <sup>(2)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 197, 18. 7. 1987, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/10/EB (Stjútíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30)

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Í þessari tilskipun er kveðið á um tiltekna aðferðir sem aðildarríkin og viðkomandi stofnanir skulu fylgja við skoðun, eftirlit og viðurkenningu skipa í því skyni að fara að alþjóðasamningum um öryggi á hafi úti og varnir gegn mengun sjávar ásamt því að stuðla að frelsi til að veita þjónustu. Þetta ferli felur í sér þróun og framkvæmd öryggiskrafna sem gilda um bol, vél-, raf- og stjórnbúnað skipa sem falla undir gildissvið alþjóðasamninganna.

## 2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „skip“: skip sem falla undir gildissvið alþjóðasamninganna;
- b) „skip sem sigla undir fána aðildarríkis“: skip skráð í aðildarríki og siglir undir fána þess í samræmi við löggjöf þess, þar með talin skip sem skráð eru í skrá bandalagsins yfir haffær kaupskip (Euros) þegar sú skrá hefur hlotið viðurkenningu ráðsins. Skip sem þessi skilgreining á ekki við um teljast vera skip sem sigla undir fána þriðja lands;
- c) „skoðanir og eftirlit“: skyldubundnar skoðanir og eftirlit samkvæmt alþjóðasamningunum;
- d) „alþjóðasamningarnir“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS), alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966 (Load Lines) og alþjóðasamningur (1973/78) um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) sem og bókanir og breytingar við þá ásamt tengdum reglum sem eru bindandi í öllum aðildarríkjunum þegar þessi tilskipun er samþykkt;
- e) „stofnun“: flokkunarfélag eða annar einkaaðili sem framkvæmir öryggismat fyrir yfirvald;
- f) „viðurkennd stofnun“: stofnun sem hlotið hefur viðurkenningu í samræmi við 4. gr.;
- g) „leyfi“: sú framkvæmd af hálfu aðildarríkis að veita viðurkenndri stofnun leyfi eða fela henni vald;
- h) „skírteini“: skírteini gefið út fyrir hönd aðildarríkis í samræmi við alþjóðasamninga;

- i) „flokknarskírteini“: skjal sem gefið er út af flokkunarfélagi til marks um að smíði skips og vélbúnaður þess til tiltekinna nota og reksturs sé í samræmi við ákvæði og reglur þess;
- j) „öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskipa“: skírteini sem kveðið er á um í breyttum alþjóðareglum um þráðlaus fjarskipti samkvæmt samningnum um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS 74/78) samþykktum af Alþjóðasiglingamálastofnuninni og felur í sér, á aðlögunartímabili sem lýkur 1. febrúar 1999, öryggisskírteini fyrir loftskeytastöðvar flutningaskips og öryggisskírteini fyrir talstöðvar flutningaskips;
- k) „staðsetning“: sá staður þar sem skráða skrifstofu, aðalstjórn eða aðalstarfsemi stofnunar er að finna.

## 3. gr.

1. Aðildarríkin skulu ábyrgjast skyldur sínar samkvæmt alþjóðasamningunum, tryggja að lögbær yfirvöld þeirra geti séð svo um að ákvæði alþjóðasamninganna séu virt, einkum að því er varðar eftirlit og skoðun skipa og útgáfu skírteina og undanþáguskírteina.

2. Ef aðildarríki ákveður, í skilningi 1. mgr., að því er varðar skip sem sigla undir fána þess:

- i) að veita stofnun leyfi til að framkvæma að fullu eða að hluta eftirlit og skoðanir sem tengjast skírteinum, þar með talið þeim sem ætluð eru til að meta hvort farið sé að 14. gr., og ef við á, að gefa út eða endurnýja tengd skírteini; eða
- ii) að láta stofnanir framkvæma að fullu eða að hluta eftirlit og skoðanir sem um getur í undirlit i;

skal það eingöngu fela viðurkenndum stofnunum þessar skyldur.

Lögbær yfirvöld skulu í öllum tilvikum samþykkja fyrstu útgáfu undanþáguskírteina.

Að því er varðar öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskipa má fela þessar skyldur einkaaðilum sem lögbær yfirvöld viðurkenna og búa yfir nægilegri sérþekkingu og hæfu starfsfólki til að framkvæma fyrir þeirra hönd sérhæft mat á öryggisþáttum fjarskipta.

3. Þessi grein á ekki við um útgáfu skírteina fyrir tiltekna hluta búnaðar um borð í skipum.

## 4. gr.

1. Aðildarríkin mega aðeins viðurkenna þær stofnanir sem uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðaukanum. Stofnanirnar skulu afhenda aðildarríkjunum sem hafa

sótt um viðurkenningu ítarlegar upplýsingar og skjöl þess efnis að þessar kröfur hafi verið uppfylltar. Aðildarríkin tilkynna stofnununum um viðurkenninguna með viðeigandi hætti.

2. Hvert aðildarríki skal veita framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum upplýsingar um hvaða stofnanir þær hafa viðurkennt.

3. Aðildarríkin mega leggja fyrir framkvæmdastjórnina ósk um viðurkenningu til þriggja ára fyrir stofnanir sem uppfylla allar kröfurnar í viðaukanum nema þær sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. í hlutanum „Almennar kröfur“ í viðaukanum.

Slík viðurkenning skal veitt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. Áhrif þessarar viðurkenningar skulu takmarkast við aðildarríkin sem hafa óskað eftir slíkri viðurkenningu.

4. Allar stofnanirnar sem hljóta viðurkenningu skulu sæta nánú eftirliti nefndarinnar sem skipuð er samkvæmt 7. gr., einnig með hliðsjón af ákvörðun um hugsanlega framlengingu viðurkenningu stofnana sem um getur í 3. mgr. Vegna ákvörðunar um framlengingu slíkrar viðurkenningar skal ekki taka tillit til krafanna í 2. og 3. mgr. í hlutanum „Almennar kröfur“ í viðaukanum. Takmörkun áhrifa viðurkenningarinnar sem kveðið er á um í 3. mgr. gildir ekki lengur.

5. Framkvæmdastjórnin skal vinna og uppfæra skrá yfir stofnanirnar sem aðildarríkjunum er tilkynnt um samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. Skráin skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalagsins*.

#### 5. gr.

1. Við beitingu i-liðar 2. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin að meginreglu til ekki synja þeim viðurkenndu stofnununum sem staðsettar eru í bandalaginu um leyfi til að vinna slík verkefni að teknu tilliti til ákvæðanna í 6. og 11. gr. Þó mega þau takmarka fjölda stofnana sem þau veita leyfi við þá þörf sem er fyrir hendi að því tilskildu að það sé gert með gagnsæjum og hlutlægum hætti. Að beiðni aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. samþykkja viðeigandi ráðstafanir.

2. Framkvæmdastjórnin má í undantekningartilvikum veita aðildarríkjunum undanþágu til 31. desember 1997 til að koma ákvæðum 1. mgr. í framkvæmd.

3. Til þess að aðildarríki geti samþykkt að stofnun sem staðsett er í þriðja landi fái að gegna þeim skyldum sem getið er um í 3. gr. eða hluta af þeim má það óska eftir því að hlutaðeigandi ríki veiti þeim viðurkenndu stofnunum sem staðsettar eru í bandalaginu gagnkvæma viðurkenningu.

#### 6. gr.

1. Þau aðildarríki sem ákveða að gera eins og lýst er í 2. mgr. 3. gr. skulu koma á samvinnu milli lögbærra yfirvalda þeirra og stofnana sem starfa á þeirra vegum.

2. Fyrirkomulag samvinnunnar skal byggist á formlegum, skriflegum samningi á jafnréttisgrundvelli eða sambærilegu lögbundnu fyrirkomulagi þar sem kveðið er á um þær sértæku skyldur og verkefni sem stofnunin hefur með höndum og sem fela að minnsta kosti í sér:

— ákvæði II. viðbætis ályktunar Alþjóðasiglingamála-stofnunarinnar A. 739 (18) um viðmiðunarreglur vegna leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa á vegum yfirvalda og var í gildi þegar þessi tilskipun var samþykkt,

— ákvæði um reglulega úttekt yfirvalda eða utanaðkomandi aðila skipuðum af yfirvöldum á þeim störfum sem stofnanirnar framkvæma á vegum þeirra,

— möguleika á að hægt sé að framkvæma nákvæmar úrtaksskoðanir á skipum,

— ákvæði um að tilkynna mikilvægar upplýsingar um flokkaðan flota þeirra, breytingar á flokkun skipa eða útstrikun þeirra úr flokki.

3. Samningurinn eða sambærilegt lögbundið fyrirkomulag má kveða á um kröfur þess efnis að viðurkennd stofnun hafi staðbundinn fulltrúa á yfirráðasvæði aðildarríkisins og að hann framkvæmi fyrir hönd þess þau skylduverk sem getið er um í 3. gr. Nægilegt er að hinn staðbundni fulltrúi hafi réttarstöðu lögaðila í samræmi við gildandi lög í viðkomandi aðildarríki og að löghæfi innanlandsdómstóla þess sé óyggjandi.

4. Hvert aðildarríki skal sjá framkvæmdastjórninni fyrir nákvæmum upplýsingum um samvinnu þá sem komið er á í samræmi við þessa grein. Framkvæmdastjórnin skal síðan tilkynna öðrum aðildarríkjum þar að lútandi.

#### 7. gr.

Nefnd sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna og undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar er hér með sett á stofn til að aðstoða framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal boða nefndina til fundar minnst einu sinni á ári og hvenær sem þörf krefur ef aðildarríki fellir úr gildi starfsleyfi stofnunar samkvæmt ákvæðum 10. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur.

#### 8. gr.

1. Breyta má þessari tilskipun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. í því skyni að:

- beita, að því er varðar þessa tilskipun, síðari breytingum á alþjóðareglum og ályktunum, sem um getur í d-lið 2. gr. og 2. mgr. 6. gr. og sem hafa öðlast gildi,
- uppfæra kröfurnar í viðaukanum, einkum að teknu tilliti til viðeigandi ákvarðana Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

2. Eftir að nýjar gerðir eða bókanir hafa verið teknar upp sem hluti af samningunum sem um getur í d-lið 2. gr. skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveða, að teknu tilliti til málsmeðferðar á þjóðþingum aðildarríkjanna, auk viðeigandi málsmeðferðar innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um nánari reglur að því er varðar fullgildingu á þessum nýju gerðum eða bókunum auk þess sem það tryggir að þeim sé beitt á samstilltan hátt og samtímis í aðildarríkjunum.

#### 9. gr.

1. Hægt er að fara fram á það við hvert aðildarríki, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. að það afturkalli viðurkenningu þeirra viðurkenndu stofnanna sem um getur í 4. gr. og uppfylla ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum þar sem við á.

2. Við gerð draga að ákvörðun sem tengist þeim málfeinum sem getið er um í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka mið af skýrslum og upplýsingum sem fram koma í 11. og 12. gr. Við gerð slíkra draga að ráðstöfunum skal framkvæmdastjórnin taka sérstaklega til skoðunar gögn stofnanna um skilvirkni öryggismála og mengunarvarna. Að eigin frumkvæði eða að ósk aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin einnig leggja fyrir nefndina drög að ákvörðunum sem tengjast málum sem getið er um í 1. mgr.

#### 10. gr.

Þrátt fyrir kröfurnar sem tilgreindar eru í viðaukanum getur aðildarríki ákveðið að fella úr gildi viðurkenningu ef það telur að viðurkennd stofnunin eigi ekki lengur að hafa leyfi til að framkvæma þau verkefni sem tilgreind eru í 3. gr.

Í framangreindu tilviki skal eftirfarandi málsmeðferð gilda:

- a) aðildarríkið tilkynnir framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um ákvörðun sína án tafar og skal hún rökstudd rækilega;
- b) framkvæmdastjórnin skal kanna hvort svipting viðurkenningar sé réttlæt看leg á grundvelli alvarlegrar ógnar við öryggi eða umhverfi;
- c) í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu hvort ákvörðun þess um sviptingu viðurkenningar sé réttlæt看leg eða ekki vegna alvarlegrar ógnar við öryggi eða umhverfi og, sé hún ekki réttlæt看leg, skal

hún óska eftir því að aðildarríkið afturkalli sviptingu viðurkenningar.

#### 11. gr.

1. Hvert aðildarríki verður að ganga úr skugga um að viðurkenndar stofnanir sem starfa á þeirra vegum í skilningi 2. mgr. 3. gr. inni af hendi þau verkefni sem um getur í þeirri grein í samræmi við kröfur lögbærra yfirvalda þeirra og að þessar stofnanir uppfylli kröfurnar sem tilgreindar eru í viðaukanum. Aðildarríkið getur einnig gert þetta með því að láta lögbær yfirlit hafa beint eftirlit með viðurkenndu stofnunum eða, ef um er að ræða stofnanir sem staðsettar eru í öðru aðildarríki, með því að treysta á samsvarandi eftirlit slíkra stofnana af hálfu lögbærra yfirvalda í öðru aðildarríki.

2. Hvert aðildarríki skal framkvæma þessi verkefni á tveggja ára fresti og skila aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður þessa eftirlits eigi síðar en 31. mars ár hvert eftir þau ár sem eftirlit fór fram.

3. Ef aðildarríki ákveður vegna framkvæmdar þessa verkefnis að treysta á eftirlit af hálfu annars aðildarríkis skal það skila skýrslu sinni inn eigi síðar en 30. júní ár hvert eftir þau ár sem eftirlit fór fram.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum upplýsingar sem varða mat á skilvirkni stofnana.

#### 12. gr.

1. Í tengslum við skoðunarrétt og skyldur sem hafnarríki:

- a) skulu aðildarríkin tryggja að skip sem sigla undir fána þriðja lands fái ekki hagstæðari kjör en skip sem hafa rétt til að sigla undir fána aðildarríkis. Í þessu skyni er ein mikilvægasta viðmiðunin um val á skipum til skoðunar að vitað sé að skírteini skipsins og flokkunarskírteini hafi verið afhent af stofnun sem uppfyllir ekki skilyrðin í viðaukanum að undanteknum stofnunum sem hafa verið viðurkenndar í samræmi við 3. og 4. mgr. 4. gr.;
- b) skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir ef skip uppfylla ekki alþjóðlega viðurkenndar kröfur og tilkynna framkvæmdastjórninni og aðalskrifstofu Parísarsamningsins um hafnarríkiseftirlit ef þau komast að því að stofnanir sem starfa á vegum fánaríkis gefa út gild skírteini til handa skipi sem uppfyllir ekki viðeigandi kröfur alþjóðasamninganna eða í hvert sinn sem kemur í ljós að skip með gilt flokkunarskírteini uppfyllir ekki þær kröfur sem því ber samkvæmt því skírteini.

2. Hvert aðildarríki skal útbúa frammistöðumat yfir stofnanir sem starfa á vegum fánarríkja. Þetta frammistöðumat skal uppfært árlega og því dreift til annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar.

*13. gr.*

Eftirfarandi málsmeðferð skal gilda fyrir atriði sem fjallað er um í 3. og 4. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr. og 8., 9. og 10. gr. auk 2. mgr. 14. gr.

- a) Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina, sem um getur í 7. gr., drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal.
- b) Nefndin skal skila álitinu á drögum fyrir þau tíma-mörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. Sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.
- c) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- d) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta. Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

*14. gr.*

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að skip sem siglir undir fána þess skuli smíðað og því viðhaldið í samræmi við kröfur sem viðurkennd stofnun gerir um bol, vél-, raf- og stjórnbúnað.

2. Aðildarríki má ákveða að nota reglur sem það telur jafngildar reglum viðurkenndrar stofnunar en aðeins með þeim skilmálum að það tilkynni framkvæmdastjórninni án tafar um þær, í samræmi við málsmeðferðina í tilskipun 83/189/EBE, og hinum aðildarríkjunum og að hvorki framkvæmdastjórnin né önnur aðildarríki andmæli reglunum og að það verði ekki staðfest samkvæmt málsmeðferðinni í 13. gr. að þessar reglur séu ekki jafngildar.

*15. gr.*

1. Viðurkenndar stofnanir skulu ráðfæra sig hver við aðra með jöfnu millibili í því skyni að viðhalda jafngildi milli tæknilegra staðla þeirra og framkvæmd þeirra. Þær skulu reglulega senda framkvæmdastjórninni skýrslur um mikilvæg framfarir á sviði staðla.

2. Viðurkenndar stofnanir skulu láta í ljós vilja til að vinna með eftirlitsyfirvöldum hafnarríkis þegar um er að ræða eitt af skipum í þeirra flokki, einkum til að auðvelda leiðréttingu á annmörkum eða misræmi sem tilkynnt er um.

3. Viðurkenndar stofnanir skulu útvega yfirvöldum allar viðeigandi upplýsingar um breytingar á flokkun skipa eða útstríkun þeirra úr flokki.

4. Viðurkenndar stofnanir skulu ekki gefa út skírteini fyrir skip sem hefur verið stríkað út úr flokki eða þar sem flokknum hefur verið breytt af öryggisástæðum fyrr en leit að hefur verið ráða hjá fánaríkinu til að ákveða hvort nauðsynlegt sé að krefjast alhliða skoðunar.

*16. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1995.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*17. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1994.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. WISSMANN

*forseti.*

## VIÐAUKI

## LÁGMARKSKRÖFUR FYRIR STOFNANIRNAR SEM UM GETUR Í 3. GR.

## A. ALMENNAR KRÖFUR

1. Viðurkennd stofnun skal geta sýnt fram á víðtæka reynslu við að leggja mat á hönnun og smíði kaupskipa.
2. Stofnunin skal hafa í sínum flokki flota sem samanstendur að minnsta kosti af 1 000 sjógengum skipum (yfir 100 brúttórúmllestir) sem að samanlagðri stærð er ekki undir 5 milljónum brúttórúmlesta.
3. Stofnunin skal ráða tæknimenntað fólk í réttu hlutfalli við fjölda flokkaðra skipa. Nauðsynlegt er að ráða að minnsta kosti 100 skipaefirlitsmenn í fullt starf til að uppfylla kröfur í 2. mgr.
4. Stofnunin skal hafa alhliða reglur og reglugerðir um hönnun, smíði og reglubundið eftirlit með kaupskipum sem skulu birtar og uppfærðar reglulega og endurbættar með rannsóknar- og þróunaráætlanum.
5. Stofnuninni ber ár hvert að gefa út skipaskrá sína.
6. Stofnuninni skal ekki stjórnað af skipaeigendum eða aðilum í skipasmíðum eða af öðrum sem hafa viðskiptalegra hagsmuni að gæta varðandi framleiðslu, útbúnað, viðgerð eða rekstur skipa. Stofnunin skal ekki eingöngu vera háð einstakri atvinnustarfsemi um öflun tekna.

## B. SÉRKRÖFUR

1. Stofnunin hefur yfir að ráða:
  - a) mikilvægu tækni-, stjórnar-, aðstoðar- og rannsóknarstarfslíði í réttu hlutfalli við verkefni og fjölda flokkaðra skipa þar, auk þess sem stofnunin getur einnig þróað og viðhaldið reglum og reglugerðum;
  - b) tæknistarfsliði út um allan heim eða aðgang að tæknistarfsliði annarra viðurkenndra stofnana.
2. Stofnunin lýtur siðareglum.
3. Stofnunin er starfrækt og stjórnað á þann hátt að tryggt sé að farið sé með upplýsingar sem yfirvöld þurfa á að halda sem trúnaðarmál.
4. Stofnunin skal vera reiðubúin að útvega yfirvöldum allar viðeigandi upplýsingar.
5. Stjórn stofnunarinnar hefur skilgreint og skráð stefnu sína og markmið og skuldbindingar að því er varðar gæði og hefur tryggt að starfsmenn hafi skilið inntak stefnunnar, framkvæmt hana og viðhaldið henni á öllum stigum innan stofnunarinnar.
6. Stofnunin hefur þróað, framkvæmt og viðheldur áhrifaríku innra eftirlitskerfi sem byggist á viðeigandi alþjóðlega viðurkenndum gæðastöðlum í samræmi við EN 45004 (eftirlitsaðilar) og EN 29001, eins og það er túlkað í kröfum um gæðavottunarkerfi Alþjóðasambands flokkunarfélaga (IACS) og tryggir meðal annars að:
  - a) reglur og reglugerðir stofnunarinnar séu settar og þeim viðhaldið á kerfisbundinn hátt;
  - b) farið sé að reglum og reglugerðum stofnunarinnar;
  - c) kröfur sem gerðar eru til lögboðins starfs sem stofnuninni er heimilt að inna af hendi séu uppfylltar;

- d) ábyrgðir, heimildir og innbyrðis tengsl milli starfslíðs sem vinna starf sem hefur áhrif á gæði þjónustu stofnunarinnar séu skilgreind og skráð;
  - e) öll vinna fari fram undir eftirliti;
  - f) komið verði á fót eftirlitskerfi sem hefur eftirlit með aðgerðum og vinnu sem framkvæmd er af skipaefirlitsmönnum og tækni- og stjórnsýslustarfsliði sem er ráðið milliliðalaust af stofnuninni;
  - g) kröfur um mikilvæg lögboðin störf sem stofnuninni er heimilt að framkvæma séu aðeins framkvæmd undir eftirliti skipaefirlitsmanna stofnunarinnar eða ráðgjafa annarra viðurkenndra stofnana;
  - h) komið verði á hæfismatskerfi fyrir skipaefirlitsmenn og að þeir búi stöðugt yfir uppfærðum upplýsingum;
  - i) færð sé skrá sem sýnir að staðlar sem krafist er séu uppfylltir vegna þeirra liða sem varða þjónustuna sem innt er af hendi og að gæðaeftirlitskerfið virki á áhrifaríkan hátt; og
  - j) að fyrir hendi sé heildarkerfi yfir áætlað og skráð innra gæðaeftirlit í öllum deildum stofnunarinnar.
7. Stofnunin skal sýna fram á getu til að:
- a) þróa og uppfæra ítarlegar og fullnægjandi reglur og reglugerðir um bol, vél-, raf- og stjórnbúnað af sömu gæðum og alþjóðlega viðurkenndir tæknistaðlar sem útgáfa öryggisskírteina SOLAS (að því er varðar smíði skipsins og mikilvægan vélbúnað um borð í skipinu), öryggisskírteinis fyrir farþegaskip og hleðslumerkjaskírteinis byggist á;
  - b) framkvæma allt eftirlit og skoðanir sem krafist er samkvæmt alþjóðlegum samningum að því er varðar útgáfu vottorða, þar með talið að hæfir starfsmenn meti framkvæmd og viðhald öryggisstjórnunarkerfisins, bæði í landi og um borð í skipum, sem ætlunin er að fjallað verði um í viðkomandi skírteinum.
8. Gæðaeftirlitskerfi stofnunarinnar skal löggilt af óháðum eftirlitsmanni sem er viðurkenndur af yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem stofnunin er staðsett.
9. Stofnunin skal leyfa fulltrúum yfirvalda og öðrum hlutaðeigandi aðilum að taka þátt í þróun reglna og reglugerða.
-